

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-35/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 10. maí 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar á kaupunum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. maí 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 31. maí 2017. Sama dag voru andsvörin send til álitsbeiðanda og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 22. september 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Nissan Terrano, árgerð 1998 af seljanda þann 28. apríl 2017 fyrir 90.000 krónur. Fyrir kaupin hafði álitsbeiðanda verið greint frá því að handbremsa bifreiðarinnar væri biluð, lítið gat væri á pústinu við vélina og að bifreiðin hafi ekki fengið skoðun og yrði að fara í endurskoðun. Þegar álitsbeiðandi hafði greitt kaupverðið og kom að sækja bifreiðina segir hún að henni var greint frá því að bifreiðin væri „treg í gang. Það þyrfti að fikta í vírunum undir hlífinni (það var engin hlíf) til að geta komið bílnum í gang.“ Þá var álitsbeiðanda greint frá því að skráningarnúmer bifreiðarinnar hafi verið lögð inn en auka númeraplata sé í glugga bifreiðarinnar svo álitsbeiðanda sé óhætt að keyra hana heim.

Álitsbeiðandi segir að bifreiðin hafi verið óeðlilega hávær á leið heim og þegar kíkt var undir pústið hafi mátt sjá að allur aftari hluti pústsins væri farinn í sundur. Í kjölfarið hafði álitsbeiðandi samband og greindi seljanda frá þessu. Að sögn álitsbeiðanda greindi seljandi henni frá því að viðgerð á pústinu ætti að kosta um 40.000 krónur og bauðst til að borga 15.000 krónur upp í þá viðgerð. Álitsbeiðandi kveðst síðar hafa komist að því að viðgerðin kosti 80.000 krónur en þá hafi seljandi neitað að taka þátt í viðgerðarkostnaði. Þá tekur álitsbeiðandi fram að bifreiðin hafi að auki verið verulega skítug við afhendingu.

Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift, þar sem hún taldi bifreiðina þurfa lagfæringu en ekki kostnaðarsama viðgerð vegna annmarka sem hún vissi ekki af.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kveðst seljandi hafa skýrt álitsbeiðanda frá ástandi bifreiðarinnar að öllu leyti og álitsbeiðandi hafi grandskoðað bifreiðina fyrir kaup. Greint var frá erfiðleikum með „startarann“ og handbremsu bifreiðarinnar auk þess að bifreiðin hafi staðið óhreyfð í marga mánuði, hafi fengið miða um endurskoðun fyrir um það bil ári síðan og gat sé á pústinu.

Seljandi hafnar að taka þátt í greiðslu fyrir nýtt púst þar sem bifreiðin hafi verið seld í því ástandi og það hafi verið tekið fram við sölu að gat væri á pústinu.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 28. apríl 2017 fyrir 90.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 1998 og var því 19 ára á kaupdegi en ekki liggur fyrir hversu mikið bifreiðin hefur verið ekin. Í kaupsamningi sem aðilar gerðu sérstaklega sín á milli vegna kaupanna kemur m.a. eftirfarandi fram: „Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við“.

Kærunefndin álítur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en þar segir m.a. eftirfarandi:

19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina og honum voru ljós, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Gögn málsins benda þvert á móti til þess að álitsbeiðanda hafi verið gefið upplýsingar um slæmt ástand bifreiðarinnar, sem m.a. var útlistað í kaupsamningi milli aðila sem liggur fyrir í málinu. Verður því ekki talið að vanræksla hafi átt sér stað af hálfu seljanda í þessu tilliti og ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1.

mgr. 19. gr. lkpl. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin þar sem púströr hennar hafi verið mun verr farið en hún bjóst við.

Um 19 ára gamla bifreið er að ræða sem keypt var á 90.000 krónur. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða og er raunar iðulega kominn tími á margvíslegar endurbætur eða viðgerðir í slíkum bifreiðum. Í máli þessu ber einnig sérstaklega að líta til þess að bifreiðin hafði staðið óhreyfð í rúmlega fjóra mánuði og fengið boð um endurskoðun vegna bilunar um ári fyrir kaupin. Auk þess hafði álitsbeiðanda verið sérstaklega gerð grein fyrir tilteknum annmörkum bifreiðarinnar og var gat á púströri einn þeirra annmarka. Þær upplýsingar gáfu álitsbeiðanda sérstaka ástæðu til að skoða bifreiðina vel áður en hún ákvað að festa kaup á henni. Álitur kærunefndin af þeirri ástæðu að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína við kaupin, sbr. 20. gr. lkpl. og geti ekki borið annmarka á púströri bifreiðarinnar fyrir sig sem galla. Er það því mat kærunefndarinnar að bifreiðin hafi ekki verið haldin göllum í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson